

AFREKSSJÓÐUR ÍSÍ 2017



Endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ

Á haustmánuðum 2016 skipaði framkvæmdastjórn ÍSÍ vinnuhóp til að endurskoða reglur Afrekssjóðs ÍSÍ í framhaldi af undirritun samnings ÍSÍ við ríkisvaldið um stóraukið framlag til afreksíþróttastarfs. Á Formannafundi ÍSÍ þann 11. nóvember 2016 var vinna þessa vinnuhóps kynnt og í framhaldinu var boðað til funda með fulltrúum sérsambanda, íþróttahéraða og annarra vegna þessa. Vinnuhópnum var falið að skila af sér niðurstöðum fyrir 1. mars 2017 og var skýrsla vinnuhópsins kynnt fyrir framkvæmdastórn ÍSÍ þriðjudaginn 7. mars sl. og sama dag var formleg kynning fyrir fulltrúa sérsambanda og íþróttahéraða.

Í skýrslu vinnuhópsins er ítarlega gerð grein fyrir niðurstöðum vinnuhópsins, en einnig er fjallað um söguleg atriði sem tengjast þróun Afrekssjóðs ÍSÍ og afreksstyrkja íþróttahreyfingarinnar. Vinnuhópurinn leitaði til álitsgjafa sem hafa mikla þekkingu á afreksíþróttastarfi erlendis og má lesa margt um skoðanir þeirra í skýrslunni sem og um svör við viðhorfskönnun sem fulltrúar íþróttahreyfingarinnar svöruðu. Vinnuhópurinn ræddi við hátt í 200 aðila úr forystu íþróttahreyfingarinnar þá sex mánuði sem vinnuhópurinn var að störfum.

Niðurstöður vinnuhópsins eru fjölbættar og koma inn á atriði eins og sjálfstæði sjóðsins, gegnsæi og rökstuðning með úthlutunum, skilgreiningar á afrekum, áherslupætti, skiptingu í afreksflokkum, umsóknir og styrkveitingar, svo eitthvað sé nefnt. Ítarlega er fjallað um hagsmunamál íþróttafólks og fyrirkomulag á stjórnun afreksíþróttar á Íslandi, en til að efla enn frekar afreksíþróttir á Íslandi er þörf á að skerpa á fjölmörgum atriðum. Í lokaorðum í skýrslu vinnuhópsins segir:

„Framkvæmdastjórn ÍSÍ og fulltrúar á Íþróttapingi þurfa að taka umræðu um þessi mál og setja það í traustan farveg. Afar mikilvægt er, að þó að allir verði ekki sáttir hvað útkomu sinnar íþróttagreinar varðar, horfi forystufólk íþróttahreyfingarinnar á heildarhagsmunina – framgang og aukin árangur íslensk afreksíþróttafólks á alþjóðavísu og að afreksstarf á Íslandi styrkist og eflist til framtíðar.“


Í vinnuhópnum sátu þau Stefán Konráðsson formaður Íþróttanefndar ríkisins og fyrrverandi framkvæmdastjóri ÍSÍ, Dr. Þórdís Lilja Gísladóttir íþróttifræðingur, nýdoktor HÍ og fyrrverandi afrekskona í frjálisíþróttum og Friðrik Einarsson fyrrverandi formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og fyrrverandi formaður Skíðasambands Íslands. Þá var Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, fenginn til að starfa með hópnum.

Nýr Afrekssjóður

Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti á fundi sínum þann 11. maí 2017 nýja reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ en á grundvelli tillagna fyrrnefnds vinnuhóps vann framkvæmdastjórn ÍSÍ að nýrri reglugerð um sjóðinn. Sú vinna fól í sér aðkomu Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ sem fundaði með fulltrúum sambandsaðila og kynnti á þeim fundum hugmyndir varðandi nýja Afreksstefnu ÍSÍ sem og drög að nýrri reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ.

73. Íþróttaping ÍSÍ fór fram um í byrjun maí 2017 og á þinginu lágu fyrir tillögur um uppfærða Afreksstefnu ÍSÍ sem og ályktun er snéri að vinnu ÍSÍ að mótun nýrrar reglugerðar. Báðar tillögunar voru ræddar í sérstakri nefnd á þinginu og fóru nánast óbreyttar í gegnum þá umræðu, sem gefur til kynna að hin mikla vinna sem átti sér stað fyrir þing hafi skilað af sér tillögum sem sambandsaðilar voru sáttir við.

ÚTHLUTUN AFREKSSJÓÐS ÍSÍ 2016 OG 2017



ÚTHLUTUN STYRKJA TIL SÉRSAMBANDA ÍSÍ ÚR AFREKSSJÓÐI ÍSÍ FYRIR ÁRIÐ 2017

Sérsamband	Fyrsta úthlutun	Viðbótarúthlutun	Alls
BLÍ Blaksamband Íslands	4.400.000	4.000.000	8.400.000
BSÍ Badminton samband Íslands	2.200.000	1.600.000	3.800.000
BTÍ Borðtennissamband Íslands	600.000	400.000	1.000.000
DSÍ Dansíþróttasamband Íslands	2.100.000	1.600.000	3.700.000
FRÍ Frjálsíþróttasamband Íslands	12.000.000	11.000.000	23.000.000
FSÍ Fimleikasamband Íslands	7.950.000	8.000.000	15.950.000
GSÍ Gólf samband Íslands	8.850.000	6.000.000	14.850.000
HRÍ Hjólreiðasamband Íslands	1.100.000	0	1.100.000
HSÍ Handknattleikssamband Íslands	28.500.000	13.000.000	41.500.000
ÍF Íþróttasamband fatlaðra	7.750.000	5.000.000	12.750.000
ÍHÍ Íshokkísamband Íslands	3.200.000	1.700.000	4.900.000
ÍSS Skautasamband Íslands	600.000	400.000	1.000.000
JSÍ Júdósamband Íslands	1.600.000	1.600.000	3.200.000
KAÍ Karatesamband Íslands	1.600.000	1.600.000	3.200.000
KKÍ Körfuknattleikssamband Íslands	18.500.000	13.000.000	31.500.000
KLÍ Keilusamband Íslands	1.100.000	1.600.000	2.700.000
KRA Kraftlyftingasamband Íslands	6.600.000	6.000.000	12.600.000
KSÍ Knattspyrnusamband Íslands	8.400.000	0	8.400.000
LH Landssamband hestamannafélaga	2.200.000	2.000.000	4.200.000
LSÍ Lyftingasamband Íslands	1.100.000	200.000	1.300.000
SÍL Siglingasamband Íslands	0	600.000	600.000
SKÍ Skíðasamband Íslands	9.800.000	5.500.000	15.300.000
SKY Skyllmingasamband Íslands	1.700.000	1.600.000	3.300.000
SSÍ Sundsamband Íslands	13.550.000	8.000.000	21.550.000
STÍ Skotíþróttasamband Íslands	3.850.000	4.200.000	8.050.000
TKÍ Taekwondosamband Íslands	0	800.000	800.000
TSÍ Tennissamband Íslands	600.000	200.000	800.000
ÞRÍ Þríþrautarsamband Íslands	600.000	400.000	1.000.000
Samtals:	150.450.000	100.000.000	250.450.000

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ

Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ að loknu Íþróttapingi ÍSÍ 2017 var skipað í stjórn sjóðsins og er hún skipuð eftirfarandi aðilum: Lilja Sigurðardóttir formaður, Ása Ólafsdóttir varaformaður, Guðrún Inga Sívertsen, Páll Grétarsson, Stefán Snær Konráðsson fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.

Starfsmaður sjóðsins er Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og seturétt á fundum sjóðsins hefur Örn Andrússon formaður stjórnar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

STYRKVEITINGAR TIL SÉRSAMBANDA ÍSÍ ÚR AFREKSSJÓÐI ÍSÍ FYRIR ÁRIÐ 2016

Sérsamband	Fyrri úthlutun	Viðbótarúthlutun	Niðurfellt	Alls
BLÍ Blaksamband Íslands	1.700.000	500.000	-300.000	1.900.000
BOG Bogfiminefnd ÍSÍ	600.000	0	-100.000	500.000
BSÍ Badminton samband Íslands	2.200.000	0		2.200.000
BTÍ Borðtennissamband Íslands	600.000	0		600.000
DSÍ Dansíþróttasamband Íslands	2.400.000	0	-60.000	2.340.000
FRÍ Frjálsíþróttasamband Íslands	13.400.000	2.500.000	-323.185	15.576.815
FSÍ Fimleikasamband Íslands	8.100.000	1.500.000		9.600.000
GSÍ Gólf samband Íslands	5.300.000	1.000.000		6.300.000
HRÍ Hjólreiðasamband Íslands	300.000	0	-300.000	0
HSÍ Handknattleikssamband Íslands	28.000.000	0		28.000.000
ÍF Íþróttasamband fatlaðra	8.800.000	1.000.000		9.800.000
ÍHÍ Íshökkísamband Íslands	3.200.000	0		3.200.000
ÍSS Skautasamband Íslands	600.000	0	-100.000	500.000
JSÍ Júdósamband Íslands	3.550.000	1.000.000	-65.000	4.485.000
KAÍ Karatesamband Íslands	1.300.000	0		1.300.000
KKÍ Körfuknattleikssamband Íslands	11.400.000	2.000.000		13.400.000
KLÍ Keilusamband Íslands	900.000	0	-100.000	800.000
KRA Kraftlyftingasamband Íslands	5.750.000	0		5.750.000
KSÍ Knattspyrnusamband Íslands	8.900.000	0		8.900.000
LH Landssamband hestamannafélaga	1.700.000	0		1.700.000
LSÍ Lyftingasamband Íslands	1.100.000	0		1.100.000
SÍL Siglingasamband Íslands	600.000	0	-71.200	528.800
SKÍ Skiðasamband Íslands	7.600.000	0		7.600.000
SKY Skyldingasamband Íslands	2.300.000	0		2.300.000
SSÍ Sundsamband Íslands	14.950.000	1.000.000		15.950.000
STÍ Skotíþróttasamband Íslands	3.850.000	300.000		4.150.000
TKÍ Taekwondosamband Íslands	2.300.000	0	-481.073	1.818.927
TSÍ Tennissamband Íslands	600.000	0		600.000
Samtals:	142.000.000	10.800.000	-1.900.458	150.899.542

Heimasíða Afrekssjóðs ÍSÍ

Nýtt vinnulag var tekið upp hjá Afrekssjóði ÍSÍ á árinu 2017 og mótast það af nýrri reglugerð. Þannig segir í 29. grein í nýrri reglugerð sjóðsins:

„Afrekssjóður ÍSÍ skal halda úti aðgreindu vefsvæði á heimasíðu ÍSÍ þar sem meðal annars skulu koma fram upplýsingar um styrkveitingar, reglur og leiðbeiningar vegna umsókna, auglýsingar sjóðsins varðandi styrki, stjórn sjóðsins, niðurstöður úthlutana, tölfraðilegar upplýsingar, skýrslur varðandi framkvæmd styrkra verkefna, ársreikninga sjóðsins og skýrslur um starfsemi hans.“

Slíkt svæði hefur verið tekið í notkun á heimasíðu ÍSÍ og má þar finna ýmsar upplýsingar um sjóðinn, s.s. samantekt á styrkveitingum síðustu ára, núverandi starfsreglur o.fl. Enn er verið að yfirfara gögn og gera klár til birtingar á heimasíðunni og munu frekari upplýsingar bætast við þegar þær eru klárar.

Nýtt vinnulag

Í reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ, 13. grein, er fjallað um að Afrekssjóður ÍSÍ skuli árlega flokka sérsambönd ÍSÍ í afrekshlokka út frá skilgreindum viðmiðum. Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ kallaði eftir ýmsum skilgreiningum og upplýsingum frá sérsamböndum ÍSÍ um fjölmörg atriði er tengjast afreksíþróttastarfi viðkomandi sérsambands, s.s. árangri í mótum, skipulagi afrekstarfsins og helstu áhersluatriðum. Þessi vinna Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ var lögð til grundvallar tillögum Afrekssjóðs ÍSÍ til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um flokkun sérsambanda í afrekshlokka.

Í A-flokki eru sérsambönd sem taka reglulega þátt í keppni í hæsta stigi í viðkomandi íþróttagrein með frábærum árangri á síðustu fjórum árum. Gerðar eru kröfur um umfangsmikið afreksíþróttastarf í sérsambandinu og þurfa samböndin að uppfylla fjölmörg atriði sbr. grein 13.1. í reglugerð sjóðsins.

Í B-flokki eru sérsambönd þar sem afrekstarfið felur í sér reglulega alþjóðlega þátttöku á heimsvísu í viðkomandi íþróttagrein, þar sem einstaklingar eru að keppa um stig á heimslista og reyna að vinna sér þátttökurétt á Heimsmeistara- og Evrópumót og/eða Ólympíuleikum/Paralympics. Gerðar eru kröfur um ákveðna umgjörð hjá sérsambandinu sbr. grein 13.2 í reglugerð sjóðsins.

Í C-flokki er um að ræða sérsambönd sem ekki komast í flokk A eða B en taka þó þátt í alþjóðlegu landsliðsstarfi. eru það sérsambönd sem taka þátt í Heimsmeistaramótum, Evrópumótum eða Norðurlandamótum og nýta þá kvóta sem þeir hafa vegna þessara móta, eða eru að keppa í forkeppnum eða neðstu stigum viðkomandi greina. Minni kröfur eru gerðar til umfangs og umgjörð afrekstarfs hjá þessum sérsamböndum sbr. grein 13.3 í reglugerð sjóðsins.

„Án flokkunar“ eru þau sérsambönd sem ekki hafa skilað inn upplýsingum um afrekstarf og skilgreiningar til ÍSÍ. Hafa þeir huga að flokkun sérsambanda í afrekshlokka er símat og getur tekið breytingum eftir aðstæðum og stöðu sérsambanda hverju sinni.

Úthlutanir ársins 2017

Í upphafi árs var ákveðið að veita um 150 m.kr. til sérsambanda og bíða með að úthluta 100 m.kr. þangað til búið væri að móta nýjan ramma fyrir framtíðarúthlutanir sjóðsins. Á haustmánuðum var þannig úthlutað 100 m.kr. til viðbótar eftir nýjum reglum Afrekssjóðs ÍSÍ þar sem flokkun sérsambanda í afrekshlokka hefur mikil áhrif á styrkuppþæðir. Ákveðið var að skipta því viðbótarframlagi þannig að 70% framlagsins færi til sérsambanda í A-flokki, 27% til sambanda í B-flokki og 3% til sambanda í C-flokki.

Framtíðarsýn

ÍSÍ mun efla samvinnu og eftirlit í tengslum við styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ. Þannig mun Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ vinna náið með sérsamböndum í tengslum við áætlanagerð, stefnumótun, skipulag á verkefnum og gagnavinnslu vegna umsókna til Afrekssjóðs ÍSÍ. Lögð er krafa á að afrekstefna sérsambands uppfylli skilgreindar kröfur ÍSÍ og að kostnaður vegna afrekstarfs sé vel skilgreindur í reikningum sérsambanda.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ vinnur að mótun úthlutunarramma vegna næstu ára sem mun gefa sérsamböndum ítarlegri upplýsingar en áður um hvers má vænta í styrkveitingum og hvaða áherslur þurfa að vera fyrir hendi hjá sambandinu til að njóta hærri styrkja sjóðsins.

Markmið sjóðsins er að hjálpa til við að Íslendingar eigi hverju sinni afrekshóp í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afrekshóp Íslenskra íþróttar. Þannig styrkir sjóðurinn sérsambönd ÍSÍ til þess að þau geti bætt enn frekar það afrekshverfi sem er til staðar.

FLOKKUN SÉRSAMBANDA ÍSÍ Í AFREKSHLOKKA 2017

A/Afreks-sambönd	B/Alþjóðleg sambönd	C/Þróunar-sambönd	Án flokkunar
FSÍ	BSÍ	AKÍS	HNÍ
FRÍ	BLÍ	BTÍ	MSÍ
GSÍ	DSÍ	GLÍ	
HSÍ	ÍHÍ	HRÍ	
ÍF	JSÍ	LSÍ	
KSÍ	KAÍ	SÍL	
KRA	KLÍ	ÍSS	
KKÍ	LH	TKÍ	
SSÍ	SKÍ	TSÍ	
	STÍ	ÞRÍ	
	SKY		



Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
Engjavegi 6 | 104 Reykjavík

Sími: 514 4000 | Fax: 514 4001
Netfang: isi@isi.is

Útg. 15.12.2017

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) varð til við sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands árið 1997.

ÍSÍ er landssamband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda og er einu heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. ÍSÍ er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu samkvæmt íþróttalögum. Félagsaðildir í íþróttahreyfingunni eru rúmlega 280 þúsund og fjöldi virkra iðkenda er tæplega 100 þúsund.

www.isi.is